



Fundargerð

427. fundur í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn á Kirkjubæjarstofu, Kirkjubæjarklaustri kl. 13:00 fimmtudaginn 13. desember 2018. Þetta er 12. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskráð af Söndru Brá Jóhannsdóttur, sveitarstjóra og er 8 blaðsíður. Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Eva Björk Harðardóttir, oddviti býður fundarmenn velkomna. Mættir eru undirritaðir sveitarstjórnarmenn.

Oddviti óskar eftir viðbót við dagskrá, að við málefnskrá bætist;

II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

12. Aðalfundur Bergrisans bs.

13. Vegna fornleifarannsóknna í Arfabót á Mýrdalssandi. Fornleifafræðistofan, dags. 10.12.2018

III. Fundargerðir til kynningar

9. Fundargerðir fjallskilanevndar Álftaversafréttar 30.11.2018 og 04.12.2018

Dagskrárbreyting samþykkt.

Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundi

Sveitarstjóri fór á kynningarfund hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna komandi kjaraviðræðna sem haldinn var á Selfossi. Persónuverndarfulltrúi Dattacalabs hélt fræðslufund fyrir forstöðumenn sveitarfélagsins um hlutverk persónuverndarfulltrúa og áhrif nýrrar persónuverndarreglugerðar á sveitarfélög. Vinnufundur var með Ingólfi Bruun vegna umsóknar í Ísland ljóstengt og stöðu ljósleiðaraverkefna. Íbúafundur var haldinn 17. nóvember sl. þar sem farið var yfir fjárhagsáætlun 2019, stöðu ljósleiðaraverkefna og tillaga að nýrri fjallskilasamþykkt Vestur-Skaftafellssýslu var kynnt. Tillagan var í framhaldinu send á alla landeigendur lögbýla og óskað eftir athugasemdum fyrir 14. desember nk. Sveitarstjóri og oddviti sátu fund vegna landaskipta Kirkjubæjarklaustursjarðarinnar og er nú unnið að því að ná landeigendum saman til áframhaldandi vinnu við landskiptagerð. Sveitarstjóri átti fund með Vegamálastjóra til að fylgja eftir erindi sem sent var í haust vegna ástands vegarins í Meðallandi. Einnig var farið yfir þær breytingar sem hafa verið gerðar á samgönguáætlun vegna vegakaflans frá Hörgsá að Fossáum. Sveitarstjóri og svæðisstjóri Umhverfisstofnunar á Suðurlandi áttu fund með landeigendum Heiðar og Holts vegna hugmynda sem hafa verið uppi um breytingu á deiliskipulagi svæðisins og stöðu landvörslu í Fjaðrárgljúfri. Undirbúningur vegna endurskoðunar ársins 2018 er í fullum gangi. Fullveldishátíð var haldinn 1. desember sl. þar sem sýnd var stuttmynd sem unnin var í samstarfi við grunnskólann um Kötlugosið 1918 ásamt því að nemendur voru með sýningu í skólanum í tengslum við 100 ára fullveldi Íslands. Sveitarstjóri ásamt sveitarstjórn voru boðuð á fund stjórnar Kirkjubæjarstofu vegna hugmynda um samstarf um atvinnufulltrúa.

Dagskrá

I. Fundargerðir til samþykktar

1. 1801006 Fundargerð 142. fundar skipulagsnefndar, dags. 11.12.2018

3. 1812002 Byggingarleyfi fyrir Hótel Klaustur, Klausturvegi 6.

Ask arkitektar sækja fyrir hönd Bæjar hf um að fá samþykktar aðalteikningar við viðbyggingu við núverandi hótél og breyta innra skipulagi eldri byggingar.

Handwritten signature and initials: BVG and 229



Skipulagsnefnd hafnar veitingu byggingarleyfisins þar sem ekki er til deiliskipulag fyrir svæðið. Skipulagsnefnd leggur til að deiliskipulag verði unnið samhliða því deiliskipulagi sem nú er unnið að í tengslum við íþróttasvæði.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

4. 1812003 Tillaga að friðlýsingu vatnasviðs Hólmsár í verndarflokki rammaáætlunar.

Umhverfisstofnun hefur lagt fram til kynningar tillögu að friðlýsingu vatnasviðs Hólmsár: 20 Hólmsárvirkjun við Einhyrning, með miðlun á grundvelli flokkunar svæðisins í verndarflokk í verndar- og orkunýtingaráætlunar, sbr. ályktun Alþingis nr. 13/141, frá 14. janúar 2013. Frestur til að skila athugasemdum er til og með 14. desember 2018.

Jón Hrafn Karlsson og Katrín Gunnarsdóttir óska bókunar;

Ekki er samræmi milli tillögunnar að friðlýsingu og svæði nr. 20 Hólmsárvirkjun við Einhyrning sem fellur í verndarflokk í verndar- og orkunýtingaráætlun, sbr. ályktun Alþingis nr. 13/141. Friðlýsingartillagan gengur lengra en gildandi rammaáætlun gerir ráð fyrir.

Meirihluti sveitarstjórnar (EBH, BG og KG) taka undir bókun Jóns Hrafn og Katrínar.

Kristbjörg og Gústaf óska bókunar;

Við gerum ekki athugasemd við friðlýsingartillöguna og fögnum friðlýsingu á þessu svæði.

Arndís Harðardóttir og Heiða Guðný Ásgeirsdóttir taka undir bókun Kristbjargar og Gústafs.

5. 1712009 Breyting á deiliskipulagi í Hólaskjóli

Kynnt hefur verið óveruleg breyting á deiliskipulagi í Lambaskarðshólum. Breytingin felst í minnkun deiliskipulagssvæðisins.

Deiliskipulagið samþykkt og skipulagsfulltrúa falið að ljúka málinu.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

6. 1812004 Umsókn um stöðuleyfi Bær hf.

Bær hf. sækir um stöðuleyfi fyrir gám sem ætlaður er sem geymsla vegna viðhalds sem stendur yfir.

Skipulagsnefnd samþykkir veitingu leyfisins til eins árs. Byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

7. 1811002 Stöðuleyfi fyrir starfsmannabúðir.

Gísli Halldór Magnússon sækir um stöðuleyfi fyrir starfsmannabúðir á Ásum landnúmer 163301 vegna smíði nýrrar brúar yfir Eldvatn.

Skipulagsnefnd samþykkir veitingu leyfisins fyrir sitt leyti til eins árs og felur byggingarfulltrúa að ljúka málinu.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.



2. 1604031 Fundargerð 61. fundar félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, 06.12.2018

Almenn mál:

1. Breyting á reglum um sérstakan húsnæðisstuðning 15-17 ára
Farið er yfir breytingu á reglum um sérstakan húsnæðisstuðning er varðar sérstakahúsnæðisstuðning 15-17 ára námsmanna.

Niðurstaða: Nefndin samþykkir breytingar fyrir sitt leyti.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir breytingarnar fyrir sitt leyti.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.

3. 1604047 Fundargerð 35. fundar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, dags. 27.11.2018

1. Drög að fjárhagsáætlun Félagsþjónustudeildar fyrir árið 2019.

Helga Lind og Guðmundur Pétur fóru yfir fjárhagsáætlun Félagsþjónustudeildar fyrir árið 2019.

Félagsþjónustan tók yfir heimaþjónustuna 1. Febrúar sl. og er nú gerð fjárhagsáætlun fyrir málaflökkinn í fyrsta sinn fyrir sveitarfélögin þrjú í Rangárvallasýslu. Áætlaður kostnaður við rekstur heimaþjónustu sveitarfélaganna þriggja fyrir árið 2019 er kr. 47.791.721,-.

Fulltrúar sveitarfélaganna þriggja samþykkja fjárhagsáætlun heimaþjónustunnar.

Rekstur Félagsþjónustunnar er áætlaður kr. 77.174.763.-, sem er hækkun um 20,08% frá fyrra ári. Hækkunin felst fyrst og fremst í kjarasamningsbundnum launahækkunum og fjölgun stöðugilda, auk þess sem hér er gert ráð fyrir kostnaði vegna bakvakta í félagsþjónustunni v. barnaverndar (sjá bókun)*.

Rekstur málaflökks fatlaðs fólks er áætlaður kr. 11.350.483.- og hækkar hann um 7,22% á milli ára.

Kostnaður vegna félagsmálanefndar er tekinn inn í áætlun Félagsþjónustudeildar.

Stjórnin samþykkir fjárhagsáætlunina fyrir félagsþjónustudeildina.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir fjárhagsáætlunina fyrir sitt leyti.

2. Drög að fjárhagsáætlun Skólaþjónustudeildar fyrir árið 2019.

Edda og Guðmundur Pétur fara yfir fjárhagsáætlun Skólaþjónustudeildar fyrir árið 2019. Áætlaður kostnaður við rekstur deildarinnar verði kr. 65.903.509.-, sem er lækkun um 2,05% frá fyrra ári, sem m.a. má rekja til fækkunar starfsstöðva og hagræðingar sem af því stafar, m.a. hvað varðar akstur starfsmanna á eigin bílum, auk skipulagsbreytinga þar sem ekki er lengur gert ráð fyrir talmeinafræðingi í föstu starfi, heldur að sú þjónusta verði keypt í verktöku.

Sértekjur eru kr. 1.200.000.- og framlög frá sveitarfélögunum 65.903.509.- Stjórnin samþykkir fjárhagsáætlunina.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir fjárhagsáætlunina fyrir sitt leyti.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.

4. 1809004 Fundargerð 121. fundar rekstrarnefndar, dags.30.11.2018.



3. 1812005 Seinni umræða fjárhagsáætlunar 2019

Í áætluninni er reiknað með daggjöldum í samræmi við nýsamþykktan rammasamning Sjúkratrygginga Íslands við Skaftárhrepp um þjónustu hjúkrunar- og dvalarheimili Klausturhóla.

Gert er ráð fyrir að heildartekjur ársins verði 224 milljónir og þá er gert ráð fyrir 205 milljónum í daggjöld, um 19 milljónir í sértekjur þar af 2,9 mill. vegna niðurfellingu skuldar við Skaftárhrepp. Inni í sértekjum er einnig um það bil 15 millj húsnaðisgjald frá Ríkinu sem greiðist í samræmi við rammasamning.

Gert er ráð fyrir 6% almennum launabreytingum milli 2018 og 2019. Annað stöðugildi hjúkrunarfræðings verður aukið úr 80% í 100%. Styrkur sem hjúkrunarheimilið hefur fengið undanfarin ár frá Skaftárhreppi á móti húsaleigu fellur niður. Launagjöld almennra starfsmanna hækka milli ára vegna breytinga á vaktafyrirkomulagi en skrifstofu og stjórnunarkostnaður er áætlað að lækki um 2 millj. milli ára. Gert er ráð fyrir að eigið fé verði um 27 millj í lok árs og er áætlað að handbært fæ hækki um 800 þús milli ára og verði í árslok 66,9 millj kr. Gert er ráð fyrir að rekstrarafgangur verði 1,3 millj kr.

Niðurfellingu skuldar við Skaftárhrepp lýkur árið 2019.

Í áætlun um annan rekstrarkostnað er reiknað með að hann breytist almennt um 2,9 % frá rauntölum ársins 2018.

Sandra fer yfir 11 mánaða stöðu rekstur Hjúkrunarheimilisins Klausturhóla. Útlit er fyrir að afgangur verði af rekstri Klausturhóla árið 2018.

Sveitarstjórn samþykkir fjárhagsáætlun Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla 2019.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.

4. 1807011 Fundargerð 160. fundar fræðslunefndar, dags. 21.11.2018.

2) Kl. 16:45 Tónlistarskóli Skaftárhrepps:

b) Fjárhagsáætlun 2019

Fræðslunefnd fer yfir fjárhagsáætlun Tónlistarskóla Skaftárhrepps. Óskar fræðslunefnd eftir því að framlag til hljóðfærakaupa verði aukið í 100 þús kr og einnig að gert verði ráð fyrir ræstingu í tónskólanum í Fjárhagsáætlun ársins 2019. Fræðslunefnd gerir ekki aðrar athugasemdir við fjárhagsáætlun Tónlistarskóla Skaftárhrepps vegna ársins 2019.

Við til síðari umræðu fjárhagsáætlunar.

3) Kl. 18:00 Heilsuleikskólinn Kærabær.

b) Fjárhagsáætlun 2019

Áætlað framlag til Leikskólans Kærabæjar er 47,5 millj kr árið 2019

Laun og launatengd gjöld taka kjarasamningsbundnum hækkunum.

Ger þarf ráð fyrir auknum gjöldum vegna húshitunar og lýsingar vegna stækkunar á húsnæði leikskólans. Auk þess þarf að fara vel yfir hvort aðrir liðir hækki vegna stækkunarinnar.



Fræðslunefnd gerir ekki aðrar athugasemdir við fjárhagsáætlun ársins 2019 vegna Leikskólans Kærabæjar.

Vísad til síðari umræðu fjárhagsáætlunar.

c) Reglugerð um Kærabæ (vísad til umsagnar í foreldrasamfélaginu á síðasta fræðslunefndarfundi og og nú lagt fram til samþykktar).

Reglugerð um Kærabæ hefur verið kynnt foreldrasamfélaginu bæði á foreldrafundi bæði á foreldrafundi og einnig í tölvupósti og engar athugasemdir bárust frá foreldrum barna á leikskólanum Kærabæ.

Fræðslunefnd samþykkir breytingar á Reglugerð um Kærabæ.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.

II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. 1812006 Beiðni um styrk vegna samstarfsverkefnisins „Bændur græða landið“ á árinu 2018. Landgræðsla ríkisins, dags. 26.11.2018.
Sveitarstjórn þakkar erindið og samþykkir að veita styrk að upphæð 150.000,- sem tekid er af lið 1142-9991.
2. 1807008 Fjárhagsáætlun Álftaversafréttar 2019, formaður fjallskilaneftar
Álftaversafréttar, dags. 18.11.2018.
Vísad til síðari umræðu um fjárhagsáætlun.
3. 1812007 Samkomulag um kjarasamningsumboð. Samband íslenskra sveitarfélaga.
Fyrir fundinum liggur samkomulag um kjarasamningsumboð fyrir samband íslenskra sveitarfélaga um að fara með fullnaðarumboð til kjarasamningagerðar. Kjarasvið sambandsins mun á grundvelli umboðsins annast allar kjaraviðræður við viðkomandi stéttarfélög, ganga frá kjarasamningum og annast útgáfu þeirra í samráði við viðkomandi stéttarfélög.
Sveitarstjórn Skaftárhrepps felur hér með Sambandi íslenskra sveitarfélaga fullnaðarumboð til kjarasamningsgerðar fyrir sína hönd samkvæmt fyrirbyggjandi samkomulagi. Sveitarstjóra falið að undirrita samkomulagið fyrir hönd sveitarstjórnar.
4. 1811007 Niðurstaða úr verðkönnun í váttryggingar, Consello ehf. dags. 02.12.2018
Öll tryggingafélögin nema Vörður skiluðu inn tilboði í váttryggingar sveitarfélagsins. Einungis munaði 300 kr á tveimur lægstu tilboðunum en lægsta tilboðið hljóðaði uppá 3.964.864,-.
Sveitarstjórn samþykkir að taka tilboði VÍS sem er núverandi váttryggingafélag Skaftárhrepps. Sveitarstjóra falið að ljúka málinu.
5. 1812008 Tillaga að gjaldskrá slökkviliðs Skaftárhrepps, 18.11.2018
Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána og felur sveitarstjóra að birta hana í B-deild Stjórnartíðinda.
6. 1812009 Álagning og gjaldskrár 2019
Útsvarshlutfall verður 14,52%

Fasteignaskattur verður óbreyttur:



Fasteignagjöld skv. a- lið, íbúðir og útihús, 0,625%

Fasteignagjöld skv. b- lið, atvinnuhúsnæði, 1,32%

Fasteignagjöld skv. c- lið, opinbert húsnæði, 1,65%

Gjaldskrá fráveitu

Fráveitugjald verði 0,25% af fasteignamati húss og lóðar á Kirkjubæjarklaustri.

Gjaldskrá sorphirðu- og sorpeyðingargjalda er óbreytt en frá 1. janúar 2018 innheimtir sorphirðuaðili sorpeyðingargjald fyrirtækja.

Fráveitu- og sorpgjöld verði innheimt með fasteignagjöldum.

Gjalddagar fasteignagjalda verði 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí og 1. ágúst.

Eindagi verði 30 dögum eftir gjalddaga.

Gjalddagi er einn ef gjald er lægra en 15.000 kr.

Gjalddagar eru tveir ef gjald er lægra en 40.000 kr.

Reglur um afslátt af fasteigna- og fráveitugjöldum til elli- og örorkulífeyrisþega.

Reglurnar verði uppfærðar miðað við launavísitölu.

Gjaldskrá íþróttamannvirkja verður óbreytt

Gjaldskrá félagsheimila og gjaldskrá vegna hunda- og kattahalds verður óbreytt

Aðrar gjaldskrár Skaftárhrepps taka vísitölubreytingum þ.e. gjaldskrá byggingarleyfisgjalda og gjaldskrár skólafélaganna og mótuneytis.

Verðlaun fyrir refa- og minnkaveiði verða eftirfarandi:

Refir kr. 9.000,- á dýr

Yrðlingar kr. 6.000,- á dýr

Minkar kr. 4.500,- á dýr

Ný gjaldskrá slökkviliðs Skaftárhrepps tekur gildi í byrjun árs.

Frístundastyrkir verði 20.000,- á barn á ári

Sveitarstjórn staðfestir álagningarhlutföll og gjaldskrár vegna 2019.

7. 1812010 Drög að reglum um frístundastyrki í Skaftárhreppi

Fyrir fundinum eru drög að reglum um frístundastyrki vegna þátttöku í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi ungmenna í sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn vísar reglum til íþrótt- og tómstundanevndar til umsagnar.

8. 1810007 Fjárhagsáætlun Skaftárhrepps 2019-2022 – síðari umræða

Sveitarstjóri fer yfir greinargerð með fjárhagsáætlun Skaftárhrepps sem verður birt ásamt samþykktri fjárhagsáætlun 2019-2022 á www.klaustur.is.

Fjárhagsáætlun 2019 gerir ráð fyrir að heildartekjur sveitarfélagsins verði 638.241 þús.kr. Þar af skatttekjur 402.125 þús.kr., framlög jöfnunarsjóðs 113.842 þús.kr. og aðrar tekjur 122.274 þús.kr. Laun og launatengd gjöld verði 302.839 þús.kr. Annar rekstrarkostnaður verði 276.847 þús.kr. og afskriftir 22.602 þús.kr. Niðurstaða fyrir

Handwritten signature and initials in blue ink, including the word 'TSIG'.



fjármagnsliði fyrir samantekin A- og B-hluta er áætluð 35.953 þús.kr. Fjármagnsliðir verði 7.194 þús.kr. og rekstrarniðurstaða verði 28.759 þús.kr. Eignir eru áætlaðar 755.792 þús.kr. og þar af handbært fé 89.951 þús.kr., skuldir og skuldbindingar samtals 216.571 þús.kr. og eigið fé verður 539.221 þús.kr. Veltufé frá rekstri er áætlað 39.714 þús.kr. og afborganir langtímalána verður 15.605 þús.kr. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum verður 103.500 þús.kr. Engin ný lán verða tekin á árinu.

Áætlun 2020-2022 er gerð á föstu verðlagi og miðast við óbreyttan rekstur málaflokka frá 2019.

Áætlun 2020 gerir ráð fyrir 2,6% verðbótum og rekstrarniðurstöðu 10.377 þús.kr.

Áætlun 2021 gerir ráð fyrir 2,6% verðbótum og rekstrarniðurstöðu 11.517 þús.kr.

Áætlun 2022 gerir ráð fyrir 2,6% verðbótum og rekstrarniðurstöðu 12.948 þús.kr.

Sveitarstjórn samþykkir fjárhagsáætlun 2019-2022.

9. 1806011 Tilnefning í velunnarasjóð Klausturhóla

Sveitarstjórn þakkar Sverri Gíslasyni fyrir sín störf í þágu sveitarfélagsins. Sveitarstjórn tilnefnir Arndisi Jóhönnu Harðardóttur sem fulltrúa sveitarstjórnar í velunnarasjóð Klausturhóla.

10. 1710001 Drög að samning vegna Náttúrustofu Suðausturlands

Framlenging samnings um Náttúrustofu Suðausturlands er að ljúka nú um áramótin. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur útbúið samningsdrög sem liggja fyrir fundinum. Stjórn Náttúrustofu Suðausturlands hefur tekið samninginn til umfjöllunar og hefur forstöðumaður stofunnar unnið umsögn fyrir þeirra hönd þar sem lögð er til breyting á orðalagi 12. gr. samningsins. Sveitarstjórn tekur undir breytingartillögur stjórnar Náttúrustofu Suðausturlands en gerir ekki athugasemdir við samninginn að öðru leyti. Sveitarstjóra falið að koma ábendingum til Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.

11. 1812011 Beiðni um leyfi frá setu í sveitarstjórn, dags.10.12.2018

Fyrir fundinum liggur erindi frá Heiðu Guðnýju Ásgeirsdóttur Z-lista um beiðni um leyfi frá setu í sveitarstjórn til eins árs frá 01.01.2019 til 31.12.2019. Jóna Björk Jónsdóttir 1. varamaður Z-lista í sveitarstjórn tekur sæti aðalmanns í hennar stað.

Sveitarstjórn samþykkir að veita Heiðu Guðnýju Ásgeirsdóttur leyfi til eins árs. Kjörnefnd falið að útbúa kjörbréf fyrir varamann Z-lista.

12. Aðalfundur Bergrisans bs.

Aðalfundur Bergrisans bs. verður haldinn í byrjun janúar 2019 á Selfossi. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að fara með umboð Skaftárhrepps á fundinum.

13. Vegna fornleifarannsóknna í Arfabót á Mýrdalssandi. Fornleifafræðistofan, dags.10.12.2018

Fyrir fundinum liggur erindi Dr. Bjarna F. Einarssonar, fornleifafræðings, um áframhaldandi stuðning sumarið 2019 vegna fornleifarannsóknna í Arfabót á Mýrdalssandi. Sveitarstjórn samþykkir stuðning við verkefnið að upphæð 250 þús.kr. á næsta ári sem tekið verður af lið 0543-9191 árið 2019.

III. Fundargerðir til kynningar

1. Fundargerð 192. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands, dags. 05.12.2018. Fundargerð kynnt.



2. Fundargerð aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, dags. 19.10.2018. *Fundargerð kynnt.*
3. Fundargerð aðalfundar Skógasafns, dags. 27.08.2018. *Fundargerð kynnt.*
4. Fyrsta fundargerð stjórnar Skógasafns, dags. 27.08.2018. *Fundargerð kynnt.*
5. Fundargerð 60. fundar stjórnar félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, dags. 08.11.2018. *Fundargerð kynnt.*
6. 1807008 Fundargerðir fjallskilaneftar Skaftártunguafreftar 2018. *Fundargerð kynnt.*
7. 1807008 Fundargerðir fjallskilaneftar Landbrots- og Miðafreftar, dags. 28.11.2018. *Fundargerð kynnt.*
8. Fundargerð 4. fundar stjórnar Bergrisans bs. dags. 16.11.2018. *Fundargerð kynnt.*
9. Fundargerðir fjallskilaneftar Álftaversafréttar 30.11.2018 og 04.12.2018. *Fundargerðir kynntar.*

IV. Annað kynningarefni

1. Uppbygging húsnæðis á landsbyggðinni í samstarfi við sveitarfélög, Hrafnshóll ehf. *Kynnt.*
2. Viðauki við fjárhagsáætlun. Reikningsskila- og upplýsinganeft, dags. 07.11.2018. *Kynnt.*
3. Umferðaröryggi okkar mál! Samantekt ungmennaráðs Grindavíkurbæjar um málþing um ungt fólk og umferðaröryggi dagana 8. - 9. nóvember 2018. *Kynnt.*

Fundargerð lesin upp og samþykkt.


Næsti fundur sveitarstjórnar áætlaður fimmtudaginn 10. janúar 2019


Skrifstofa Skaftárhrepps verður lokuð á milli jóla- og nýárs og til og með 2. janúar 2019.


Sveitarstjórn óskar íbúum sveitarfélagsins gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári, með þökk fyrir liðið ár.

Fundi slitið kl. 14:55


Eya Björk Harðardóttir


Bjarki Guðnason


Katrín Gunnarsdóttir


Heiða Guðný Ásgeirsdóttir


Arndís Harðardóttir